

8.tbl.

22. feb. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## VETRARRHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN

3.-12. MARS 2023

### Föstudagur 10. mars

11-15 Íslandsmeistararnót Sledahundaklúbbs Íslands við Mývatn (við Fuglasafnind).  
18-20 Föstudagsfjör í Jarðböðunum, tónlist og tilbod!  
21:30 Trúbadorinn Einar Höllu í Vogafjösi - frítt inn og Kaldi á krana.

### Laugardagur 11. mars

10-16 Íslandsmeistararnót í Snjókrossi. Keppni hefst kl 12:00.  
10-15 Íslandsmeistararnót Sledahundaklúbbs Íslands við Mývatn (við Fuglasafnind).  
13-16 Lærðu að darga með Veidifélagi Mývatns. Gengid út á ísinn til máts við Berjaya Mývatn Hotel.  
19:00 Tónkvíslin - Söngkeppni framhaldsskólans á Laugum í Þróttahöllinni á Laugum.

### Sunnudagur 12. mars

11-14 Skídagöngugledi hjá Toru og Kolbeini! Spör hefst við Haunkot í Adaldal. Njóttid skídagöngunnar í dásamlegu umhverfi - kaffi og kakó í boði.  
13-15 Fjölskyldufjör við Reykjahlidarskóla í boði foreldrafélagsins.  
20:30 Leikdeild Umf. Eflingar sýnir Gauragang á Breidumýri. Midapantanir og uppl. í 618-0847 / umfellingegmail.com.

### Föstudagur 3. mars

10-13 Skíðasvæðid í Kröflu opid í boði Mývetnings.  
16:30 Hópreid um Mývatn, fer frá Sel-Hótel. Allir velkomnir!  
18-20 Föstudagsfjör í Jarðböðunum, tónlist og tilbod!  
20:30 Leikdeild Umf. Eflingar sýnir Gauragang á Breidumýri. Midapantanir og uppl. í 618-0847 / umfellingegmail.com.

### Laugardagur 4. mars

10-13 Skíðasvæðid í Kröflu opid í boði Mývetnings.  
10-16 Mývatn Open - hestar á ís, á Stakhólstjörn.  
13-15 Flóamarkaður í Skjólbrekku - gerðu kaup ársins!  
14-17 Kaffihladborð á Sel-Hótel.  
19:45 Eurovision Party á Berjaya Mývatn Hotel! Matur og drykkir á tilbodi frá kl. 18:00.  
20:30 Leikdeild Umf. Eflingar sýnir Gauragang á Breidumýri. Midapantanir og uppl. í 618-0847 / umfellingegmail.com.

### Sunnudagur 5. mars

11-14 Lærðu að darga á Vestmannsvatn! mæting við Vestmannsvatn Guesthouse - kakó og vöflusala í gistiheimilinu.  
14-16 Skógargledi í Vaglaskógi í boði Skógrættarinnar og Bjarna. Nýtrödin skídagönguspor, leikir og kaffisala til styrktar ferðasjódi 10. bakkjar í Stórutjarnaskóla.  
16:00 Leikdeild Umf. Eflingar sýnir Gauragang á Breidumýri. Midapantanir og uppl. í 618-0847 / umfellingegmail.com.

### HEIMA MILLI HELGA

#### Mánudagur 6. mars

16:30-18:30 Skíðasvæðid í Kröflu opid í boði Mývetnings.  
17-18:30 Heimsækid sledahundana hjá Snow Dogs í Vallholti.  
18-20 Pizzuhladborð í Dalakofanum.  
18:30-21 Party í Sundlauginni á Laugum, tónlist og fjör!

#### Þriðjudagur 7. mars

16:30-18 Frítt gönguskídanámskeid á Laugum. Skráningar á huldamaria94@gmail.com.  
18:00 Taco kvöld á Sel-Hótel. Bökid borð í síma 464-4164 eða á myvatnemyvatn.is.

18:30 Tröllganga í Dimmuborgum með landverdi - munid eftir vasaljólsum!

20:00 Félagssvist í Ýdölum í boði Diddu og Ólínu (einnig 14/3 og 21/3).

#### Miðvikudagur 8. mars

17-18:30 Dönsum saman í matsal Framhaldsskólans á Laugum! Nemendur skólans kenna nýja og gamla dansa - eitthvad fyrir alla!  
18-20 Fjölskylduklifer í ÍMS í boði Mývetnings. Hafid þægilega skó meðferdis og þrúfid klifer á glæsilegum klifervegg í Þróttamíðstöðvarinnar í Reykjahlid.  
20:00 Spilakvöld í Kidagill! Allskonar borðspil, ný og gömul verda spulud.

#### Fimmtudagur 9. mars

16:30-18 Frítt gönguskídanámskeid á Skútustöðum. Skráningar á huldamaria94@gmail.com.  
16:30-18:30 Skíðasvæðid í Kröflu opid í boði Mývetnings.  
20:00 Barsvar í Jarðböðunum.



Tilbod á gistingu og atþreyingu og nánari upplýsingar um vildurdi og skídagönguspor má finna á [WWW.VETRARRHATID.COM](http://WWW.VETRARRHATID.COM)





ÞARFTU AÐ HREINSA TIL Á HÁALOFTINU? RÝMKA TIL Í SKÁPUM? ÁTTU FULLT AF GÓSSI SEM ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ NOTA OG VILT GEFA FRAMHALDSLÍF?

# FLÓAMARKAÐUR

Vetrarhátíðar verður haldinn í Skjólbrekku laugardaginn 4. mars frá kl. 13-15. Ekkert þátttökugjald en nauðsynlegt að bóka söluborð hjá Huldu Maríu í [huldamaria94@gmail.com](mailto:huldamaria94@gmail.com).






Í tilefni Vetrarhátíðar við Mývatn stendur Mývatnsstofa fyrir ókeypis skíðagöngunámskeiðum fyrir heimamenn.

TVÖ ÖR-NÁMSKEIÐ ERU Í BOÐI:

- ÞRIÐJUD. 7. MARS FRÁ 16:30-18:00. MÆTING VIÐ SUNDLAUGINA Á LAUGUM.
- FIMTUD. 9. MARS FRÁ 16:30-18:00. MÆTING VIÐ SEL-HÓTEL.

LEIÐBEINANDI ER ÞÓRODDUR FRÁ GRÆNAVATNI. SKRÁNINGAR SENDAST Á [HULDAMARIA94@GMAIL.COM](mailto:HULDAMARIA94@GMAIL.COM). Í SKRÁNINGU ÞARF AÐ KOMA FRAM HVORT NÁMSKEIÐANNA ER VERIÐ AÐ SKRÁ SIG Á, NAFN OG SÍMANÚMER.



ATHUGIÐ!  
TAKMARKAÐUR FJÖLDI Á HVERT NÁMSKEIÐ, FYRSTUR SKRÁIR SIG, FYRSTUR FÆR!

[WWW.VETRARHATID.COM](http://WWW.VETRARHATID.COM)



# Gaurangur á Breiðumýri

Kæru leikhúsnennendur,

Við viljum þakka ykkur móttökurnar vegna Gaurangangsins í okkur.

## Við auglýsum nú næstu sýningar:

Sunnudagur 26. febrúar kl. 20:30

Föstudagur 3. mars kl. 20:30

Laugardagur 4. mars kl. 20:30

Sunnudagur 5. mars kl. 16:00

Sunnudagur 12. mars kl. 20:30

## Miðaverð:

- Fullorðnir kr. 3500.-
- 16 ára og yngri kr. 2300.-
- Eldriborgarar og öryrkjar kr. 3100.-

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum stéttarfélagum áður en þeir koma á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Miðapantanir og nánari upplýsingar í síma **618-0847**,  
[umfeffling@gmail.com](mailto:umfeffling@gmail.com) eða í gegnum fésbókina  
[www.facebook.com/leikdeild.eflingar](http://www.facebook.com/leikdeild.eflingar)  
Þeir allra snjöllustu geta einnig fylgt Umf. Eflingu á Instagram



UMF.EFLING

Dalakofinn býður upp á leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 5 manns),  
pantanir í s. 464-3344.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum,  
húsið opnar 30 mín fyrir sýningar.

VELKOMIN Í LEIKHÚS Á BREIÐUMÝRI



STARF

# Hrein orka – hreinar aflstöðvar!

Óskum eftir að ráða einstakling í 50% starf til að annast almenn þrif og ræstingar í Laxárstöðvum, aflstöðvum Landsvirkjunar í Mývatnssveit.

Við þurfum reglubundin þrif í Laxá I, II og III, í vélasölum, skrifstofuhúsnæði, hreinlætisaðstöðu og gistirýmum. Í starfinu felst líka að sjá um þvott.

## Hæfni:

- Reynsla af þrifum við sambærilegar aðstæður er æskileg
- Sveigjanleiki, jákvæðni og vinnugleði

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars**

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[landsvirkjun.is/storf](https://landsvirkjun.is/storf)

---

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsaflí, jarðvarma og vindi.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns, víða um land. Fyrirtækið hefur metnaðarfulla jafnréttis- og mannaútsstefnu, hugar að velliðan starfsfólks og leggur áherslu á að viðhalda orkumikilli fyrirtækjamenningu.

# Fundaboð

Aðalfundur Búnaðarfélags Aðaldæla  
verður haldinn að Ýdölum  
þriðjudagskvöldið 28. febrúar kl 20.00.  
Venjuleg aðalfundastörf  
Stjórnin.



# Kór Reykjahlíðarkirkju

boðar hér með til aðalfundar laugardaginn 4. mars 2023  
kl. 14:30 í Reykjahlíðarkirkju.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu
4. Breytingar á samþykktum
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
  - a. Formaður stjórnar
  - b. Aðalmaður í stjórn (til tveggja ára)
  - c. Tveir varamenn í stjórn (til eins árs)
7. Önnur mál

## Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla



Þrónakaffi verður á bókasafninu  
fimmtudagskvöldið 23. febrúar kl 19:30 – 21:30.

Komum saman með handavinnu og eigum  
notalega kvöldstund.



## **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi Mat á umhverfisáhrifum**

Öll sveitarfélög á Norðurlandi, samtals 16 sveitarfélög á svæðinu frá Stikuhálsi í vestri að Bakkaheiði í austri, vinna nú að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Tillaga að svæðisáætlun, ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2012, liggur nú fyrir og gefst almenningi sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma athugasemdum sínum á framfæri áður en áætlunin er afgreidd af viðkomandi sveitarstjórnnum.

Hægt er að kynna sér [tillöguna](#) á vefsíðum Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi, þ.e. á <https://www.ssnv.is> og <https://www.ssne.is>, sem og á vefsíðu Umhverfissráðgjafar Íslands ehf. ([www.environmentice.is](http://www.environmentice.is)). Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast í síðasta lagi 31. mars 2023 á netfangið [stefan@environmentice.is](mailto:stefan@environmentice.is) eða í pósti á heimilisfangið:

Umhverfissráðgjöf Íslands ehf.  
v/ Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi  
Hvanneyrargötu 3  
311 Hvanneyri





# Fundargerð

## 18. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri,  
Fimmtudaginn 9. febrúar 2023, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Anna Bragasóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson.

**Fundargerð ritaði:** Magnús Már Þorvaldsson, starfsmaður.

Eygló Sófúsdóttir boðaði forföll, í hennar stað sat Anna Bragadóttir fundinn. Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir að taka tvö mál á dagskrá með afbrigðum, annars vegar umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi í Ljósvefningabúð, hins vegar tímabundið leyfi oddvita. Samhljóða samþykkt

### 1. Dvalarheimili aldraðra Húsavík - fundargerðir - 2206048

Lögð fram fundargerð fundar stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 27. janúar 2023 ásamt fundargögnum. Meðal fundargagna er samkomulag milli heilbrigðisráðuneytis og Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjar-sýslu um flutning á þjónustu Dvalarheimilis aldraðra til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

Til máls tóku: Lagt fram til kynningar.

### 2. Húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2019-2026 - 1904020

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2023. Sveitarstjórn felur Árna Pétri Hilmarssyni og Knúti Emil Jónassyni að fullvinna áætlunina og skila henni inn til HMS fyrir 3.3.2023. Lagt fram

### 3. Kálfaströnd - 2202005

Lagðir fram leigusamningar við Halldór Þ Sigurðsson og Björgu Jónasdóttur um a) leigu á 2.500 fm lóð úr landi jarðarinnar Kálfaströnd 1 og b) um leigu á 8.11 ha landspildu úr jörðinni Kálfaströnd 1.

Sveitarstjóri hefur undirritað samningana með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Halldór vék af fundi kl.13.10 og Haraldur Bóasson tók hans sæti.

Til máls tóku: Árni Pétur, Gerður og Knútur Emil. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða leigu á 2.500 m<sup>2</sup> lóð, þ.e. lið a. Lagt er til að Árna Pétri og Knúti Emil verði falið að skoða þau atriði sem þykja óljós í samningi um land-



spildu, lið b. Málið verði tekið fyrir að nýju á næsta fundi sveitarstjórnar. Samhljóða samþykkt. Halldór kom aftur inn á fundinn kl. 13.17. Samþykkt.

#### **4. Samvinna á unglिंगastigi - 2208016**

Lögð er fram áætlun varðandi kostnað við verkefnið.

Kostnaður við verkefnið er áætlaður 5.430.000 kr sem lagt er til að fjármagnað verði með óráðstöfuðum sameiningarframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Til máls tóku: Arnór

Lagt er til að verkefnið verði fjármagnað með óráðstöfuðum sameiningarframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

#### **5. Umhverfisstofnun - Ráðgjafarnefnd um friðuð svæði í Mývatnssvei - 2211061**

Í tölvupósti frá 30. nóvember 2022 óskar Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, f.h. Umhverfisstofnunar eftir tilnefningu Þingeyjarsveitar í ráðgjafarnefnd um friðuð svæði í Mývatnssveit, samkvæmt auglýsingum um náttúruvættið Seljahjallagil, Bláhvamm, Þrengslaborgir og nágrenni Mývatnssveitar, um náttúruvættið Dimmuborgir og náttúruvættið Hverfjall.

Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu.

Óskað er eftir fullu nafni, netfangi og heimilisfangi þeirra tilnefndu, eigi síðar en 20. desember n.k.

Erindið var áður á dagskrá 17. fundar sveitarstjórnar 26.01.2023.

Til máls tóku: Jóna Björg.

Sveitarstjórn tilnefnir Bergþóru Kristjánsdóttur í ráðgjafarnefndina. Samþykkt samhljóða.

#### **6. Skipun fulltrúa í fulltrúaráð Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. - 2208003**

Á 5. fundi sveitarstjórnar þann 17.08.2022 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í fulltrúaráð Leigufélags Þingeyjarsveitar hses: Einar Örn Kristjánsson, Ósk Helgadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Unnur Þuríðardóttir f.h. leigjenda. Að beiðni Óskar Helgadóttur og Árna Péturs Hilmarssonar skipar

sveitarstjórn Jónu Björgu Hlökkversdóttur og Eypór Kára Ingólfsson í þeirra stað. Samþykkt samhljóða.

**7. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga - 2211029**

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar HNP frá 24.01.2023  
Lagt fram til kynningar.

**8. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerðir - 1804007**

Lögð fram fundargerð 55.fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 27.01.2023 Lagt fram til kynningar.

**9. Samband íslenskra sveitarfélaga - Boðun á landsþing sambandsins 31.03.2023 - 2301021**

Lögð fram boðun á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 31.3.23.  
Lagt fram til kynningar.

**10. Ný skólastefna Þingeyjarsveitar - 2209028**

Lögð fram drög að samningi um gerð skólastefnu Þingeyjarsveitar, við Skólastofuna sílf.  
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samning um gerð skólastefnu.

**11. Vogar 1 - breyting á deiliskipulagi - 2208042**

Tekin fyrir beiðni um umsögn frá Innviðaráðuneytinu dags. 3. febrúar 2023 í samræmi við beiðni skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar um undanþágu frá d lið í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í greininni er kveðið á um að utan þéttbýlis skuli ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðal- skipulagi. Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar bókaði á fundi sínum þann 14. desember 2022 að skipulagsfulltrúa væri falið að leita til Innviðaráðuneytisins fyrir undanþágu skipulagsreglugerðar vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1 sem gerir ráð fyrir byggingu frístundahúss innan 50 m frá Mývatnssveitarvegi.

Til máls tóku:

Sveitarstjórn leggst ekki gegn því að undanþága sé veitt frá d lið í gr. gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1 og felur skipulagsfulltrúa að senda umsögn til Innviðaráðuneytisins f.h. sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt

**12. Súlum Vertical - beiðni um samstarf við Þingeyjarsveit - 2302004**

Lagt er fram erindi frá Súlum Vertical þar sem óskað er eftir stuðningi Þingeyjarsveitar við áform um utanvegahlaup sem hefst við Goðafoss um verslunarmannahelgina í ár. Stuðningurinn felst í því að sveitarfélagið líti viðburðinn jákvæðum augum með því að kynna það sem honum fylgir s.s. eins og tímabundnar merkingar á hlaupaleið, tímabundin stjórnun umferðar oþh. Til máls tóku: Gerður Sveitarstjórn tekur vel í erindið og samþykkir stuðning við verkefnið sbr. framlagt bréf. Samþykkt samhljóða.

**13. Samband íslenskra sveitarfélaga - Minnisblað - Ágangur búfjár - 2302005**

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár í kjölfar álits Umboðsmanns Alþingis 11.10.2022 (11167/2021) og úrskurðar Dómsmálaráðuneytisins 11.1. 2023 (DMR21080053).

Til máls tóku:

Sveitarstjórn vísar minnisblaðinu til umfjöllunar í Atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Samhljóða samþykkt.

**14. Hjálparsveit skáta Reykjadal - Boð í opið hús HSR - 2302006**

Lagt fram boð til kjörinna fulltrúa og varafulltrúa á opið hús Hjálparsveitar skáta í Reykjadal laugardaginn 11.2.

Lagt fram til kynningar.

**15. BH Bygg ehf.- Íbúðir á lóðinni Klappahrauni 9 - 2301003**

Lagt fram erindi frá BH bygg ehf þar sem sveitarfélaginu eru boðnar til kaups 2 117 fm raðhúsaíbúðir við Klappahraun Erindið var áður á dagskrá 16. fundar sveitarstjórnar þann 19.1.2023. Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í október 2023.

Til máls tóku:

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við BH bygg á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs. Sveitarstjóra, Knúti og Árna Pétri er falið að annast samningagerðina f.h. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

**17. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni tækifærisleyfi Ljósveitingabúð - 2302008**

Tekið fyrir erindi Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra, dagsett 2. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn d Þingeyjarsveitar, um tækifærisleyfi vegna þorablóts í Ljósveitingabúð 11. febrúar 2023.

Enginn tók til máls. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

**18. Sveitarstjórn Tímabundið leyfi oddvita - 2302010**

Gerður Sigtryggsdóttir oddviti sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar tók við starfi sveitarstjóra tímabundið þann 19.1.2023 skv. ákvörðun sveitarstjórnar sama dag.

Oddviti óskar hér með eftir því að varaoddviti, Knútur Emil Jónasson taki tímabundið við hlutverki oddvita sveitarstjórnar eða þar til nýr sveitarstjóri tekur til starfa.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við leyfi oddvita.

**16. Umhverfisnefnd - 6. - 2301008F**

Fundurgerð 6. fundar umhverfisnefndar frá 2.2.2023 lögð fram til kynningar. Fundargerðin er í 3 liðum, til afgreiðslu er liður nr. 2. Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.

**18.2. Verkefnastjóri umhverfismála**

Sveitarstjórn tekur undir tillögu umhverfisnefndar og felur Önnu Braga-dóttur og Jónu Björgu að vinna málið áfram ásamt sveitarstjóra.

Samhljóða samþykkt.

Að öðru leyti er fundargerð umhverfisnefndar samþykkt. 18.1 2212022 - Tilnefningar til umhverfisverðlauna 2022 18.2 2011001 - Verkefnastjóri umhverfismála. 18.3 2206053 - Umhverfisstefna Þingeyjarsveitar Staðfest.

Fundi slitið kl. 13:43.